



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/154

Alþingi
Erindi nr. P 122/1877
komudagur 17.4.198

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664

16. apríl 1998.

Alþingi,
-efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík.


Efni: Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 310. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 2. apríl s.l., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Af því tilefni leyfir stjórn S.Í.T. sér að hreyfa eftirfarandi atriðum:

1. Í lok janúar s.l. var gengið frá samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða. Í samkomulaginu eru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum sem sjálfskuldarábyrgð er sett til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Að samkomulaginu stóðu allmargir aðilar, sem hér hafa hagsmuna að gæta, s.s. samtök neytenda, viðskiptabankar, sparisjóðir, greiðslukortafyrirtæki og loks viðskipta- og félagsmálaráðherra af hálfu stjórnvalda. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir því, að önnur fjármála-fyrirtæki eða samtök þeirra geti gerst aðilar að því. Upplýst skal, að Samband íslenskra tryggingafélaga hefur þegar hafið viðræður um aðild að samkomulaginu. Er þess að vænta, að það mál verði til lykta leitt fljótlega. Grundvallaratriði þessa samkomulags felst í því, að sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárkröfu beri fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda (aðalskuldara), enda óski ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gengst í ábyrgð. Sé fjárhagsleg skuldbinding yfir 1 milljón króna, skuli fjármálafyrirtæki þó skylt að greiðslumeta greiðanda (aðalskuldara), sé óskað sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar efnadum á skuldbindingunni.

2. Yfirlýst markmið ofangreinds samkomulags er að draga úr vægi sjálfskuldarábyrgða hér á landi, og að lánveitingar verði í ríkari mæli miðaðar við greiðslugetu lántakenda og eigin tryggingar þeirra. Ástæða er til að ætla, að þessum markmiðum megi ná með samkomulaginu. Af efni frumvarpsins og athugasemdum þess verður ráðið, að fyrir flutningsmönnum þess vaki einnig að draga úr þýðingu ábyrgðarskuldbindinga hér á landi, móta reglur um samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa ásamt upplýsingaskyldu þeirra. Frumvarp þetta er þarft innlegg í þá umræðu, sem að undanfögnu hefur farið fram um tilhögun ábyrgða einstaklinga á fjárhagslegum skuldbindingum annarra aðila. Það er hins vegar eindregin skoðun stjórnar Sambands íslenskra tryggingafélaga, að affarasælast sé að á þessu málefni verði tekið með sem víðtækustu samkomulagi allra, er hér eiga hlut að máli. Verður ekki betur séð en að í það stefni, og því sé ekki þörf á beinni lagasetningu. Að svo komnu sér stjórn S.Í.T. sér því ekki fært að styðja frumvarp þetta um ábyrgðarmenn.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson